



Vopnafjarðarhreppur

Sigurður Jónsson

Hamrahlíð 15

690 Vopnafjörður

Garðabær, 18.3.2025

Málsnúmer: 202502-0060

IAS

Efni: Veiðihús í landi Einarsstaða.

Vísað er í erindi frá skipulagsfulltrúa Vopnafjarðarhrepps, frá 24. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um sameiginlega skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir veiðihús í landi Einarsstaða við Hofsá.

Lýsingin er lögð fram vegna hugmynda um nýtt veiðihús á landi Einarsstaða við Hofsá. Auk þess þarf að sækja efni í námur sem eru ekki í skipulagi. Ný staðsetning er um 1,3 km inn af Einarsstöðum í Hofsárdal þar sem stofnuð verður ný lóð. Áætluð stærð lóðarinnar er 10,6 hektarar. Á lóðinni er fyrirhugað að byggja veiðihús, gestahús (hluti af veiðihúsi) og starfsmannahús. Heildarflatarmál bygginga er áætlað um 1.500 m². Í húsunum verður veitinga- og gístiaðstaða fyrir allt að 20 gesti ásamt herbergjum fyrir starfsfólk. Gera þarf nýja vegtengingu við Einarsstaði. Verið er að vinna í staðsetningu vegar í samráði við veiðifélag Hofsár og landeiganda. Fyrirhuguð veglína liggur ekki fyrir að svo stöddu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og gerir ekki athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt til athugasemda þegar nánari útfærsla liggur fyrir.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur